




Hvað er tvítýngi?

Hjálpaðu
barninu
þínu með
tungumálið
þitt



ISLENSKA

Móðurmál

– Samtök um tvítýngi

Við beytum okkur fyrir móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn og hjálpum foreldrum að stofna hópa þar sem þeirra tungumál er kennt.

Margir hópar eru í gangi á hverjum tíma og sífellt fleiri tungumál að bætast við. Við viljum líka auka þekkingu á tvítýngi með umræðu og fræðslu.

Viltu vita meira?

www.modurmal.com

Viltu vera með?

modurmal@hotmail.com

Hafðu samband við okkur!

Erum líka á Facebook

Móðurmáli – samtök um tvítýngi í samvinnu við Djónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar með styrki úr Dróunarsjóði innflytjendamála.

Móðurmál:

Það er tungumál foreldra eða foreldris. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

Tvítýngi og fjöltýngi:

Börn sem tala eitt tungumál heima hjá sér og annað utan heimilis eru tvítýngd. Þau sem tala tvö eða fleiri tungumál heima og annað utan heimilis eru tvítýngd eða fjöltýngd. Um 70% jarðarbúa eru tvítýngdir og nota fleira en eitt tungumál í daglegu lífi. Börn geta vel lært tvö tungumál á sama tíma.

Öll tungumál barnsins eru því mikilvæg.


Tungumálið er lykilinn að samskiptum við fjölskylduna bæði á Íslandi og í hinu landinu. Börn sem eru stolt af tungumáli sínu og menningu eru í betra sambandi við fjölskyldu sína.

Góður málskilningur stuðlar að sterkri sjálfsmynd og að barnið upplifi að það tilheyrir bæði menningu og samfélagi foreldra eða foreldris og því íslenska. Tvítýngd börn eiga auðveldara með að læra önnur tungumál og tungumálaþekking eykur möguleika þeirra í framtíðinni.

Hvernig hjálpar þú barninu þínu með tungumálið þitt?

Talaðu alltaf tungumálið þitt við barnið, þannig lærir það meira. Ekki skemma barnið fyrir að svara þér á öðru tungumáli heldur endurtaktu svar þess á þínu tungumáli og haltu svo samræðunum áfram.


Það er best að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir barnið til að nota móðurmálið með því að nota og kenna flókin orð og orðasambönd sem ekki snúast eingöngu um „**komdu að borða, farðu að sofa, burstaðu tenurnar**“ og þess háttar.



Farðu með barnið á viðburði þar sem tungumálið þitt er talað svo það sjái annað fólk nota tungumálið í samskiptum.



Kenndu barninu sögur, söngva, leiki og spil sem tilheyra menningu og móðurmáli þínu.



Notið móðurmálið til að ræða um sjónvarpsþætti eða kvikmyndir sem börnin hafa gaman af að horfa á.



Spurðu barnið hvað það var að gera í skólanum. Hjálpaðu barninu við heimanám með því að ræða um námsefnið á þínu tungumáli og finna sambærilegt efni á netinu eða í bókum.

Ekki blanda saman tungumálum þegar þú talar við barnið

Eldið eða bakið saman, skoðið uppskriftabækur eða notið netið til að leita að uppskriftum sem tengjast menningu heimalandsins.

Lestu fyrir barnið á þínu máli og talaðu um efnið við það.

